

Kaplakriki

112. fundur vinnuhóps/byggingarnefndar um uppbyggingu FH svæðis í Kaplakrika var haldinn þriðjudaginn 23. Janúar 2014, kl. 08.07 á skrifstofu Fasteignafélags Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2 Hafnarfirði.

Mættir voru:

Gunnar Svavarsson	GS	Formaður
Árni Stefán Jónsson	ÁSt.	Stjórn Framkvæmdaráðs
Sigurður Þorvarðason	SP	Stjórn Framkvæmdaráðs
Benedikt Olgeirsson	BO	FH
Viðar Halldórsson	VH	FH
Ingvar S. Jónsson	IJ	Íþróttafulltrúi
Erlendur Árni Hjálmarsson	EÁH	Fasteignafélaginu
Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri
Birgir Jóhannsson	BJ	FH

Birgir Jóhannsson boðaði forföll.

1: Fundargerð fundar nr. 111 var send nefndarmönnum. Samþykkt.

2: Frjálsíþróttagólf.

Tekið fyrir að nýju mál frá fundi 111, tilboð Sport-Tæki í gólfefni Frjálsíþróttahúss dagsett 30. desember 2013, sem hafði verið yfirfarið og endurreiknað miðað við mismunandi gæði heildargólfsins.

Byggingarnefnd fór yfir efnisgögn og tilboði, en verkefnastjóri hafði þá þegar gert grein fyrir málinu og athugun Sport-Tæki á verkstað í desember sl.

Tilboð 1 148.778.545 kr. m.t.t. vsk = 135 milj.

Tilboð 2 151.106.887 kr. m.t.t. vsk. = 137 milj.

Tilboðin miðast við gengi EVRU 158,2 stig.

Munur þessara tilboða felst í efnisvali í skokkbraut.

Byggingarnefnd leggur samhljóða til að gengið verði til samninga við Sport-Tæki á grundvelli tilboðs 2 á þeim forsendum að greiðslur fyrir verkið dreifist á tvö ár það er 2014 og 2015, en Sport-Tæki hafa gert grein fyrir því að þannig greiðsluflæði er mögulegt.

Samingur í samræmi við það er innan núverandi fjárhagsáætlunar og ramma fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar.
Málinu og samningnum í heild sinni er vísað til Umhverfis- og framkvæmdaráðs til fullnaðarafgreiðslu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09.30 næsti formlegi fundur verður fimmtudaginn 6. febrúar n.k. kl. 08.07 að Norðurhelli 2.

Hafnarfirði 23. janúar 2014.

Gunnar Svavarsson

Sigurður Þorvarðarson

Benedikt Olgeirsson

Árni Stefán Jónsson

Viðar Haldórsson

Sigurður Haraldsson

Ingvar S. Jónsson

Erlendur Árni Hjálmarsson

Birgir Jóhannsson

